

## Sundlaug - Hofsósi



### VERKSVIÐ VERKÍS

- Hönnun burðarvirkis
- Hönnun fráveitu- hreinlætis- og hitalagna
- Hönnun loftræsilagna
- Hönnun sundlaugakerfa
- Hönnun raflagna

### LÝSING

Byggingin stendur í brún sjávarbakkans með útsýni til hafs. Burðarvirki eru steinsteypt og að miklu leiti með sjónsteypu. Útveggir á langhliðum eru úr glereiningum. Á þakinu er gras og tengist það landinu umhverfis.

Sundlaugarsvæðið samanstendur af 25m útilaug og sambyggðum ólgupotti og vaðlaug. Í þeim enda laugarinnar sem snýr að Drangey er laugin án sýnilegs kants þannig að vatnsflöturinn í lauginni og hafflöturinn renna í saman.

Laugarkerfin eru hefðbundin og klór notaður til hreinsunar.

### ALMENNT UM VERKIÐ

Sundlaugin á Hofsósi var reist á árunum 2008 til 2009 að frumkvæði Lilju Pálmadóttur og Steinunnar Jónsdóttur og er að stórum hluta gjöf frá þeim. Laugin er í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

### TÆKNIUPPLÝSINGAR

Hús: 378 m<sup>2</sup>

Laugar:

Útilaug 25x10.5m  
rúmtak 351m<sup>3</sup>  
afköst kerfis 88m<sup>3</sup>/klst.

Vaðlaug 7m<sup>2</sup>  
rúmtak 2.3m<sup>3</sup>  
afköst kerfis 11m<sup>3</sup>/klst.

Ólgupottur 11.3m<sup>2</sup>  
rúmtak 9m<sup>3</sup>  
afköst kerfis 27m<sup>3</sup>/klst.

Aðrir hönnuðir:  
VA Arkitektar  
- Sigríður Sigþórsdóttir

